

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1819

2021/EES/26/20

frá 2. desember 2020

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun litarefna í laxalíki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ⁽²⁾, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 232/2012 ⁽³⁾, eru sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) og pousseau 4R/kókínílrætt A (E 124) sem stendur leyfð sem matvælaaukefni í matvælaflokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“, bæði við hámarksgildi sem nemur 200 mg/kg, einungis til notkunar í laxalíki sem er að stofni til úr fisktegununum alaskaufsa (*Theragra chalcogramma*) og ufsa (*Pollachius virens*). Hinn 15. júlí 2014 og 23. september 2009 gaf Matvælaöryggisstofnunin út álit þar sem ásættanleg dagleg inntaka fyrir sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) ⁽⁴⁾ var fastsett við 4 mg/kg líkamsþyngdar/dag og ásættanleg, dagleg inntaka fyrir pousseau 4R/kókínílrætt A (E 124) ⁽⁵⁾ við 0,7 mg/kg líkamsþyngdar/dag. Í álitum sínum frá 15. júlí 2014 og 21. apríl 2015 ⁽⁶⁾ komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki væri farið yfir viðkomandi ásættanlega daglega inntöku þessara aukefna í neinum aldurshóp í neinu af þessum váhrifamötum.
- 4) Hinn 4. febrúar 2019 var lögð fram umsókn um breytingu á skilyrðunum fyrir notkun á sólsetursgulu FCF/appelsínugulu S (E 110) og pousseau 4R/kókínílrætt A (E 124) í matvælaflokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ til að heimila notkun þessara efna í laxalíki sem er að stofni til úr fiskteguninni sild (*Clupea harengus*). Í umsókninni er farið fram á núverandi hámarksgildi sem nemur 200 mg/kg en þó er skýrt nánar að raunverulegt notkunarmagn eru miklu minna, á bilinu frá einum tíunda til tveggja tíundu hluta hámarksgildanna fyrir bæði efnin. Umsóknin var gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 5) Þegar sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) og pousseau 4R/kókínílrætt A (E 124) eru notuð sem litarefni gefa þau tilætlaðan stöðugan lit, bæta skynmatseiginleika og bæta útlit laxalíkis að stofni til úr fiskteguninni síld.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 406, 3.12.2020, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 232/2012 frá 16. mars 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun kínólínguls (E104), sólsetursguls FCF/appelsínuguls S (E 110) og pousseau 4R/kókínílrætt A (E 124) og magnið sem er heimilt að nota (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2012, bls. 1).

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3765.

(5) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009 7(11), 1328.

(6) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(4), 4073.

- 7) Sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) ogponseau 4R/kókíníflrautt A (E 124) eru leyfð til notkunar í margs konar matvæli. Nýjustu váhrifamötin sem Matvælaöryggisstofnunin innti af hendi, eins og um getur í 3. forsendu, staðfestu að heildarváhrifin eru vel undir ásættanlegri daglegri inntöku þeirra, jafnvel í varfærnustu sviðsmyndinni fyrir hámarksgildi samkvæmt reglum. Heimiluð notkun í laxalíki að stofni til úr alaskaufsa og ufsa var tekin með í þessi váhrifamöt. Þar eð laxalíki sem er að stofni til úr síld er ætlað sem staðgöngukostur fyrir laxalíki sem er að stofni til úr alaskaufsa og ufsa ætti ekki að verða marktæk breyting á neyslu neytenda á laxalíki. Enn fremur er notkunarmagnið á sólsetursgulu FCF/appelsínugulu S (E 110) ogponseau 4R/kókíníflrauðu A (E 124) sem þarf til að ná tilætluðum áhrifum í laxalíki sem er að stofni til úr síld umtalsvert minna en heimiluð hámarksgildi. Þess vegna er ekki búist við að tillögð notkun hafi marktæk áhrif á heildarváhrif frá þessum matvælaaukefnum á neytendur sem ættu því að haldast undir ásættanlegri daglegri inntöku.
- 8) Færslurnar fyrir II. flokk, III. flokk og lýkópen (E 160d) í matvælaflokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ eiga sem stendur einungis við um „laxalíki“. Til að skapa skýrleika og réttarvissu að því er varðar þessa framsetningu ætti að breyta orðalaginu í þessum færslum til að tilgreina að leyfð notkun varðar „laxalíki“ sem er að stofni til úr fisktegunum alaskaufsa, ufsa eða síld.
- 9) Þess vegna þykir rétt að breyta matvælaflokki 09.2 „Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til að heimila notkun á sólsetursgulu FCF/appelsínugulu S (E 110) ogponseau 4R/kókíníflrauðu A (E 124) í laxalíki sem er að stofni til úr fiskteguninni síld og til að skrá í færslurnar fyrir II. flokk, III. flokk og lýkópen (E 160d) þær fisktegunir sem „laxalíki“ má vera úr að stofni til.
- 10) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, að því er varðar matvælaflokk 09.2 „Unninn fiskur og lagarfurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“, er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslanna fyrir II. flokk og III. flokk kemur eftirfarandi:

| | | | | | |
|--|--------------|------------------------------------|---------------------|------|----------------------------------------------------------------------------------------------------|
| | „II. flokkur | Litarefni eftir þörfum | <i>eftir þörfum</i> | | einungis súrímí og svipaðar afurðir, og laxalíki sem er að stofni til úr alaskaufsa, ufsa og síld |
| | III. flokkur | Litarefni með samsett hámarksgildi | 500 | (84) | einungis súrímí og svipaðar afurðir, og laxalíki sem er að stofni til úr alaskaufsa, ufsa og síld“ |

2) Í stað færslunnar fyrir sólsetursgult FCF/appelsínugult S (E 110) kemur eftirfarandi:

| | | | | | |
|--|--------|-----------------------------------|-----|------|---------------------------------------------------------------------|
| | „E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 200 | (63) | einungis laxalíki sem er að stofni til úr alaskaufsa, ufsa og síld“ |
|--|--------|-----------------------------------|-----|------|---------------------------------------------------------------------|

3) Í stað færslunnar fyrirponseau 4R/kókínílrault kemur eftirfarandi:

| | | | | | |
|--|--------|----------------------------|-----|------|---------------------------------------------------------------------|
| | „E 124 | Ponseau 4R, kókínílrault A | 200 | (63) | einungis laxalíki sem er að stofni til úr alaskaufsa, ufsa og síld“ |
|--|--------|----------------------------|-----|------|---------------------------------------------------------------------|

4) Í stað fyrstu færslunnar fyrir lýkópen (E 160d) kemur eftirfarandi:

| | | | | | |
|--|---------|---------|----|--|---------------------------------------------------------------------|
| | „E 160d | Lýkópen | 10 | | einungis laxalíki sem er að stofni til úr alaskaufsa, ufsa og síld“ |
|--|---------|---------|----|--|---------------------------------------------------------------------|